

TILSKIPUN RÁÐSINS 2002/31/EB

2007/EES/26/12

frá 22. mars 2002

um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á loftræstisamstæðum til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ⁽¹⁾, einkum 9. og 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 92/75/EBE skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdartilskipanir fyrir ýms konar heimilistæki, þ.m.t. loftræstisamstæður.
- 2) Raforkunotkun loftræstisamstæðna er verulegur hluti af heildarorkuþörf heimila í Bandalaginu. Unnt er að draga verulega úr raforkunotkun þessara tækja.
- 3) Samræmdir staðlar eru tækniforskriftir sem evrópskar staðlastofnanir samþykkja, eins og um getur í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknistaðla og reglugerða ⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 98/48/EB ⁽³⁾, í samræmi við almennar viðmiðunarreglur um samstarf framkvæmdastjórnarinnar og þessara stofnana sem undirritað var 13. nóvember 1984, með áorðnum breytingum.
- 4) Aðildarríkjunum ber að veita umbeðnar upplýsingar um hávaðamengun samkvæmt tilskipun ráðsins 86/594/EBE frá 1. desember 1986 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum ⁽⁴⁾.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót skv. 10. gr. tilskipunar 92/75/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun þessi gildir um loftræstisamstæður til heimilisnota sem ganga fyrir rafmagni og eru skilgreindar í

Evrópustöðlunum EN 255-1, EN 814-1 eða samræmdu stöðlunum sem um getur í 2. gr.

Eftirtalin tæki falla ekki undir ákvæði hennar:

- tæki sem geta einnig notað aðra orkugjafa,
- tæki sem flytja varma frá lofti til vatns og frá vatni til vatns,
- tæki með meiri afköst (kæliafköst) en 12 kW.

2. gr.

1. Upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, verður aflað með mælingum sem gerðar eru í samræmi við samræmda staðla sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) hafa samþykkt samkvæmt umboði frá framkvæmdastjórninni í samræmi við tilskipun 98/34/EB, en tilvísunarnúmer þeirra hafa verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og aðildarríkin hafa birt tilvísunarnúmer innlendu staðlanna sem þessir samræmdu staðlar eru teknir upp í.

Ákvæði I., II. og III. viðauka við þessa tilskipun, sem lúta að þeirri kröfu að veittar séu upplýsingar um hávaða, gilda því aðeins að aðildarríkin krefjast þess skv. 3. gr. tilskipunar 86/594/EBE. Þessar upplýsingar skulu metnar í samræmi við þá tilskipun.

2. Í þessari tilskipun hafa hugtökin, sem eru notuð, sömu merkingu og í tilskipun 92/75/EBE.

3. gr.

1. Tækniskjölín, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skulu hafa að geyma:

- a) nafn og heimilisfang birgis,
- b) almenna lýsingu á tegundinni þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,
- c) upplýsingar, þ.m.t. teikningar eftir þörfum, um helstu hönnunareinkenni tegundar, einkum atriði sem hafa afgerandi áhrif á orkunotkun hennar,
- d) skýrslur um viðeigandi mælingar sem gerðar hafa verið samkvæmt samræmdu stöðlunum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 86, 3.4.2002, bls. 26, bls. 35. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2004, 24. september 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 344, 6.12.1986, bls. 24.

e) leiðbeiningar um notkun, ef þær eru fyrir hendi.

Þegar upplýsinga hefur verið aflað um sérstaka samstæðu tegundar með útreikningi á grundvelli hönnunar og/eða framreikningi á öðrum samstæðum skulu gögnin fela í sér upplýsingar um slíka útreikninga og/eða framreikninga og um prófanir sem hafa verið gerðar til að staðfesta nákvæmni útreikninganna, sem gerðir hafa verið (upplýsingar um reiknilíkanið fyrir útreikning á afköstum skiptra kerfa (split systems) og um mælingar sem eru gerðar til að sannprófa þessa tegund).

2. Merkimiðinn, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skal vera eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa tilskipun.

Merkimiðanum skal komið fyrir utanvert á framhlið eða ofan á tækinu, þannig að hann sjáist greinilega og að ekkert skyggi á hann.

3. Innihald og form upplýsingablaðsins, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skal vera í samræmi við það sem tilgreint er í II. viðauka við þessa tilskipun.

4. Ef tækin eru boðin til sölu, leigu eða kaupleigu með prentuðum eða skriflegum upplýsingum eða á annan hátt sem gefur til kynna að ekki sé gert ráð fyrir því að hugsanlegur viðskiptamaður geti séð tækið í útstillingu, s.s. með skriflegu tilboði, í póstpöntunarlista, auglýsingum á Netinu eða öðrum rafrænum miðli, skulu upplýsingarnar vera allar þær sömu og eru tilgreindar í III. viðauka við þessa tilskipun.

5. Orkunýtniflokkur tækis skal ákvarðaður í samræmi við IV. viðauka.

4. gr.

Aðildarríkin skulu gera þá bráðabirgðaráðstöfun, til 30. júní 2003, að leyfa markaðssetningu, auglýsingu og/eða útstillingu á framleiðsluvörum og dreifingu á upplýsingum sem

um getur í 4. mgr. 3. gr. og samrýmast ekki þessari tilskipun.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta, fyrir 1. janúar 2003, nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2003.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. mars 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

framkvæmdastjóri.





I. VIÐAUKI

MERKIMIÐINN



Útlit merkimiða

1. Merkimiðinn skal vera á viðeigandi tungumáli í samræmi við eftirfarandi teikningar:

Merkimiði á tæki fyrir kælingu eingöngu — merkimiði 1

Orka		Loftræstisamstæður
Framleiðandi		Kennimerki
Utandyrabúnaður		ABC 123
Innandyrabúnaður		ABC 123
Góð nýtni		
		
Slæm nýtni		
Orkunotkun við kælingu á ársgrundvelli í kWh		X.Y
<small>(Raunnotkun fer eftir loftslagi og því hvernig tækið er notað)</small>		
Kæling	kW	X.Y
Orkunýtnihlutfall		X.Y
<small>Fullur styrkur (því hærri, því betri)</small>		
Tegund	Kæling eingöngu —	
	Kæling + hitun —	←
	Loftkæling —	←
	Vatnskæling —	
Hávaði		
<small>(dB(A) re 1 pW)</small>		
Nánari upplýsingar er að finna í bæklingum sem fylgja vörunum		
Staðall EN XYZ Loftræstisamstæður Tilskipun 2002/31/EB um orkumerkingar		

Merkimiði á kælitæki/hitunartæki — merkimiði 2

<h1>Orka</h1>		Loftræstisamstæður
Framleiðandi Utandyrabúnaður Innandyrabúnaður		Kennimerki ABC 123 ABC 123
Góð nýtni A B C D E F G		B 
Slæm nýtni		
Orkunotkun við kælingu á ársgrundvelli í kWh <small>(Raunnotkun fer eftir loftslagi og því hvernig tækið er notað)</small>		X.Y
Kæling kW		X.Y
Orkunýtnihlutfall <small>Fullur styrkur (því hærri, því betri)</small>		X.Y
Tegund	Kæling eingöngu — Kæling + hitun — Loftkæling — Vatnskæling —	← ←
Hitun kW		X.Y
Hitunarhæfni A: góð B: slæm		A B C D E F G
Hávaði <small>(dB(A) re 1 pW)</small>		
Nánari upplýsingar er að finna í bæklingum sem fylgja vörunum		
Staðall EN XYZ Loftræstisamstæður Tilskipun 2002/31/EB um orkumerkingar		

2. Með eftirfarandi athugasemdum er tilgreint hvaða upplýsingar eiga að koma fram:

Athugasemd:

- I. Nafn birgis eða vörumerki.
- II. Tegundarauðkenni sem birgir gefur upp.
Fyrir „skiptar og margskiptar einingar“ skal tilgreina tegundarauðkenni þeirra innan- og utandyrahluta samstæðunnar sem tölurnar, sem gefnar eru upp hér á eftir, gilda um.
- III. Orkunýtniflokkur tegundar eða samstæðu, ákvarðaður í samræmi við IV. viðauka. Örvaroddurinn með viðeigandi kennistaf skal vera í sömu hæð og oddur örvarinnar fyrir viðkomandi orkunýtniflokk.
Hæð örvarinnar með kennistafnum skal minnst vera jöfn hæð örvarinnar fyrir orkunýtniflokkinn og ekki meira en tvöfalt hærri en hún.
- IV. Hafi tegund verið úthlutað umhverfismerki ESB í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ⁽¹⁾) má setja afrit af umhverfismerkinu hér með fyrirvara um kröfur reglugerðarinnar um veitingu umhverfismerkisins.
- V. Leiðbeinandi orkunotkun á ársgrundvelli með heildarílagsorku, eins og hún er skilgreind í samhæfðu stöðlunum sem um getur í 2. gr., margfölduð með 500 klukkustunda ársmeðaltali við kælingu við fullan styrk, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 „í meðallagi“).
- VI. Kæling, skilgreind sem kæligeta tækis í kilóvöttum við kælingu við fullan styrk, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 „í meðallagi“).
- VII. Orkunýtnihlutfall (EER) tækis við kælingu við fullan styrk, ákvarðað í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 „í meðallagi“).
- VIII. Gerð tækis: kæling eingöngu, kæling/hitun. Þessi kenniör skal vera í sömu hæð og viðkomandi gerð tækis.
- IX. Við kælingu: loftkælt, vatnskælt.
Þessi kenniör skal vera í sömu hæð og viðkomandi gerð tækis.
- X. Eingöngu fyrir tæki til hitunar (merkimiði 2): hitun skilgreind sem hitunargeta tækis í kilóvöttum við hitun við fullan styrk, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 + 7C).
- XI. Eingöngu fyrir tæki með upphitun (merkimiði 2): orkunýtniflokkur við hitun í samræmi við IV. viðauka, tilgreindur á kvarðanum A (lítill orkunotkun) til G (mikil orkunotkun), ákvarðaður í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 + 7C). Ef tækið framleiðir varma með rafviðnámi skal nýtnistuðullinn (coefficient of performance (COP)) hafa gildið 1.
- XII. Hávaði við eðlilega notkun, ef við á, ákvarðaður í samræmi við tilskipun 86/594/EBE.

Athugasemd:

Sambærileg hugtök á öðrum tungumálum er að finna í V. viðauka.

Prentun

3. Hér á eftir eru tiltekin atriði í gerð merkimiðans skilgreind:

Litir:

CMYK — blár, blárauður, gulur, svartur.

Dæmi 07X0: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

Örvar:

A X0X0

B 70X0

C 30X0

D 00X0

E 03X0





F 07X0

G 0XX0

Litur rammans: litur X070. Kenniör orkunýtniflokksins er með svörtum bakgrunni.

Allur textinn er svartur. Bakgrunnurinn er hvítur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

	5 mm	73 mm	33 mm	5 mm
41 mm	<h1>Orka</h1>		Loftræstisamstæður	
	Framleiðandi Utandyrabúnaður Innandyrabúnaður		Kennimerki ABC 123 ABC 123	
90 mm	Lítill orkunotkun 			
	Mikil orkunotkun			
41 mm	Árleg orkunotkun við kælingu í kWh <small>(Raunnotkun fer eftir loftslagi og því hvernig tækið er notað)</small>		X.Y	
	Kæliafköst kW		X.Y	
	Orkunýtnihlutfall <small>Fullur styrkur (því hærra, því betri)</small>		X.Y	
15 mm	Tegund			
	Kæling eingöngu	—		
	Kæling + hitun	—	←	
	Loftkæling	—	←	
	Vatnskæling	—		
23 mm	Hitun kW		X.Y	
	Hitunarhæfni A: góð B: slæm		A B C D E F G	
44 mm	Hávaði <small>(dB(A) re 1 pW)</small>			
	Nánari upplýsingar er að finna í bæklingum sem fylgja vörunum			
	Staðall EN XYZ Loftræstisamstæður Tilskipun 2002/31/EB um orkumerkingar			

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGABLAÐIÐ

Upplýsingablaðið skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar. Setja má upplýsingarnar upp í töflu yfir margar tegundir frá sama birgi, en í því tilviki skulu þær gefnar í tilgreindri röð, eða með lýsingu á tækinu:

1. Vörumerki birgis.
2. Tegundarauðkenni sem birgir gefur upp.
Fyrir „skiptar og margskiptar einingar“ skal tilgreina tegundarauðkenni þeirra innan- og utandyrahluta sem tölurnar, sem gefnar eru upp hér á eftir, gilda um.
3. Orkunýtniflokkur tegundar, ákvarðaður í samræmi við IV. viðauka. Tilgreindur sem „Orkunýtniflokkur á kvarðanum A (góð nýtni) til G (slæm nýtni)“. Ef þessar upplýsingar eru gefnar í töflu má gefa þær upp á annan hátt að því tilskildu að ljóst sé að kvarðinn er frá A (góð nýtni) til G (slæm nýtni).
4. Ef upplýsingarnar eru gefnar upp í töflu og ef sum tækjanna, sem tilgreind eru í töflunni, hafa fengið umhverfismerki Evrópusambandsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 má tilgreina þær upplýsingar hér. Í því tilviki skal koma fram í yfirskriftinni „umhverfismerki Evrópusambandsins“ og færslan skal vera afrit af umhverfismerkinu. Þetta ákvæði er með fyrirvara um kröfur samkvæmt kerfinu um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins.
5. Leiðbeinandi, árleg orkunotkun, byggð á meðalnotkun sem er 500 klst. á ári, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 „í meðallagi“), eins og hún er skilgreind í V. athugasemd I. viðauka.
6. Kæling, skilgreind sem kæligeta tækis í kílóvöttum við kælingu við fullan styrk, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 „í meðallagi“), eins og hún er skilgreind í VI. athugasemd I. viðauka.
7. Orkunýtnihlutfall tækis við kælingu við fullan styrk, ákvarðað í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 „í meðallagi“).
8. Gerð tækis: kæling eingöngu, kæling/hitun.
9. Við kælingu: loftkæling, vatnskæling.
10. Eingöngu fyrir tæki til hitunar: hitun er skilgreind sem hitunargeta tækis í kílóvöttum við hitun við fullan styrk, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 + 7C), eins og hún er skilgreind í X. athugasemd I. viðauka.
11. Eingöngu fyrir tæki með upphitun, orkunýtniflokkur hitunar í samræmi við IV. viðauka, tilgreindur á kvarðanum A (meiri nýtni) til G (minni nýtni), ákvarðaður í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. (skilyrði T1 + 7C), eins og hann er skilgreindur í XI. athugasemd I. viðauka. Ef tækið framleiðir varma með rafviðnámi skal nýtnistuðullinn hafa gildið 1.
12. Hávaði við eðlilega notkun, ef við þá, ákvarðaður í samræmi við tilskipun 86/594/EBE.
13. Birgjar geta auk þess tilgreint upplýsingar 5. til 8. liðar með tilliti til annarra prófunarskilyrða sem eru ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr.

Ef afrit af merkimiðanum, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu, er að finna á upplýsingablaðinu þarf aðeins að tilgreina viðbótarupplýsingar.

Ath.:

Sambærileg hugtök á öðrum tungumálum er að finna í V. viðauka.

*III. VIÐAUKI***PÓSTVERSLUN OG ÖNNUR FJARSALA**

Póstpöntunarlístar, orðsendingar, skrifleg tilboð, auglýsingar á Netinu eða öðrum rafrænum miðlum, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., skulu innihalda eftirtaldar upplýsingar, gefnar upp í þeirri röð sem er tilgreind:

[Eins og í II. viðauka]

Ath.:

Sambærileg hugtök á öðrum tungumálum er að finna í V. viðauka.

IV. VIÐAUKI

FLOKKUN

1. Orkunýtniflokkur er ákvarðaður í samræmi við eftirfarandi töflu: orkunýtnihlutfall er ákvarðað í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. við skilyrði T1 „í meðallagi“.

Tafla 1 — Loftkældar loftræstisamstæður

Tafla 1.1

Orkunýtniflokkur	Skipt og margskipt tæki
A	$3,20 < \text{EER}$
B	$3,20 \geq \text{EER} > 3,00$
C	$3,00 \geq \text{EER} > 2,80$
D	$2,80 \geq \text{EER} > 2,60$
E	$2,60 \geq \text{EER} > 2,40$
F	$2,40 \geq \text{EER} > 2,20$
G	$2,20 \geq \text{EER}$

Tafla 1.2

Orkunýtniflokkur	Sambyggð tæki ⁽¹⁾
A	$3,00 < \text{EER}$
B	$3,00 \geq \text{EER} > 2,80$
C	$2,80 \geq \text{EER} > 2,60$
D	$2,60 \geq \text{EER} > 2,40$
E	$2,40 \geq \text{EER} > 2,20$
F	$2,20 \geq \text{EER} > 2,00$
G	$2,00 \geq \text{EER}$

⁽¹⁾ Sambyggðar „tvístockka“ einingar („double ducts“), skilgreindar sem „loftræstisamstæður sem eru að öllu leyti innan loftræsta rýmisins og þar sem lofúntak þéttisins og útblástursrás tengjast andrúmsloftinu úti fyrir með tveimur stokkum“, eru flokkaðar samkvæmt töflu 1.2 með leiðréttingarstuðli – 0,4.

Tafla 1.3

Orkunýtniflokkur	Einstokka einingar
A	$2,60 < EER$
B	$2,60 \geq EER > 2,40$
C	$2,40 \geq EER > 2,20$
D	$2,20 \geq EER > 2,00$
E	$2,00 \geq EER > 1,80$
F	$1,80 \geq EER > 1,60$
G	$1,60 \geq EER$

Tafla 2 — Vatnskældar lofttræstisamstæður

Tafla 2.1

Orkunýtniflokkur	Skipt og margskipt tæki
A	$3,60 < EER$
B	$3,60 \geq EER > 3,30$
C	$3,30 \geq EER > 3,10$
D	$3,10 \geq EER > 2,80$
E	$2,80 \geq EER > 2,50$
F	$2,50 \geq EER > 2,20$
G	$2,20 \geq EER$

Tafla 2.2

Orkunýtniflokkur	Sambyggð tæki
A	$4,40 < EER$
B	$4,40 \geq EER > 4,10$
C	$4,10 \geq EER > 3,80$
D	$3,80 \geq EER > 3,50$
E	$3,50 \geq EER > 3,20$
F	$3,20 \geq EER > 2,90$
G	$2,90 \geq EER$

2. Orkunýtniflokkur við hitun er ákvarðaður í samræmi við eftirfarandi töflur:

nýtnistuðullinn er ákvarðaður í samræmi við prófunaraðferðir samræmdu staðlanna sem um getur í 2. gr. við skilyrði T1 + 7C.

Tafla 3 — Loftkældar loftræstisamstæður — hitun

Tafla 3.1

Orkunýtniflokkur	Skip og margskipt tæki
A	$3,60 < COP$
B	$3,60 \geq COP > 3,40$
C	$3,40 \geq COP > 3,20$
D	$3,20 \geq COP > 2,80$
E	$2,80 \geq COP > 2,60$
F	$2,60 \geq COP > 2,40$
G	$2,40 \geq COP$

Tafla 3.2

Orkunýtniflokkur	Sambyggð tæki ⁽¹⁾
A	$3,40 < COP$
B	$3,40 \geq COP > 3,20$
C	$3,20 \geq COP > 3,00$
D	$3,00 \geq COP > 2,60$
E	$2,60 \geq COP > 2,40$
F	$2,40 \geq COP > 2,20$
G	$2,20 \geq COP$

⁽¹⁾ Sambyggðar „tvístokka“ einingar, skilgreindar sem „loftræstisamstæður sem eru að öllu leyti innan loftræsta rýmisins og þar sem loftinntak þéttisins og útblástursrás tengjast andrúmsloftinu úti fyrir með tveimur stokkum“, eru flokkaðar samkvæmt töflu 3,2 með leiðréttingarstuðli - 0,4.

Tafla 3.3

Orkunýtniflokkur	Einstokka einingar
A	$3,00 < COP$
B	$3,00 \geq COP > 2,80$
C	$2,80 \geq COP > 2,60$
D	$2,60 \geq COP > 2,40$
E	$2,40 \geq COP > 2,10$
F	$2,10 \geq COP > 1,80$
G	$1,80 \geq COP$

Tafla 4 — Vatnskældar loftræstisamstæður — hitun*Tafla 4.1*

Orkunýtniflokkur	Skipt og margskipt tæki
A	$4,00 < \text{COP}$
B	$4,00 \geq \text{COP} > 3,70$
C	$3,70 \geq \text{COP} > 3,40$
D	$3,40 \geq \text{COP} > 3,10$
E	$3,10 \geq \text{COP} > 2,80$
F	$2,80 \geq \text{COP} > 2,50$
G	$2,50 \geq \text{COP}$

Tafla 4.2

Orkunýtniflokkur	Sambyggð tæki
A	$4,70 < \text{COP}$
B	$4,70 \geq \text{COP} > 4,40$
C	$4,40 \geq \text{COP} > 4,10$
D	$4,10 \geq \text{COP} > 3,80$
E	$3,80 \geq \text{COP} > 3,50$
F	$3,50 \geq \text{COP} > 3,20$
G	$3,20 \geq \text{COP}$

V. VIÐAUKI

ÞÝÐING HUGTAKA SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á MERKIMÍÐANUM OG UPPLÝSINGABLAÐINU

Samsvarandi hugtök á tungumálum Bandalagsins eru sem hér segir:

Aths. Merkimíði I. viðauki	Upplýsingablað og póspöntun II. og III. viðauki	ES	DA	DE	EL	EN	FR	IT	NL	PT	FI	SV
⊗		Energía	Energi	Energie	Ενέργεια	Energy	Énergie	Energia	Energie	Energia	Energia	Energi
I	1	Fabricante	Mærke	Hersteller	Προμηθευτής	Manufacturer	Fabricant	Costruttore	Fabrikant	Fabricante	Tavaran-toimittaja	Leverantör
II	2	Modelo	Model	Modell	Μοντέλο	Model	Modèle	Modello	Model	Modelo	Malli	Modell
II	2	Unidad exterior	Udendørs-enhed	Außengerät	Εξωτερική μονάδα	Outside unit	Unité extérieure	Unità esterna	Buiten-apparaat	Unidade exterior	Ulkoyksikkö	Utomhus-enhet
II	2	Unidad interior	Indendørs-enhed	Innengerät	Εσωτερική μονάδα	Inside unit	Unité intérieure	Unità interna	Binnen-apparaat	Unidade interior	Sisäyksikkö	Inomhusenhet
⊗		Más eficiente	Lavt forbrug	Niedriger Verbrauch	Πιο αποδοτικό	More efficient	Économe	Bassi consumi	Efficiënt	Mais eficiente	Vähän kuluttava	Låg förbrukning
⊗		Menos eficiente	Højt forbrug	Hoher Verbrauch	Λιγότερο αποδοτικό	Less efficient	Peu économe	Alti consumi	Inefficiënt	Menos eficiente	Paljon kuluttava	Hög förbrukning
	3	Clase de eficiencia energética . . . en una escala que abarca de A (más eficiente) a G (menos eficiente)	Relativt energiforbrug . . . på skalaen A (lavt forbrug) til G (højt forbrug)	Energie-effizienz-klasse . . . auf einer Skala von A (niedriger Verbrauch) bis G (hoher Verbrauch)	Τάξη ενεργειακής απόδοσης . . . σε μια κλίμακα από το Α (πιο αποδοτικό) έως το Γ (λιγότερο αποδοτικό)	Energy efficiency class . . . on a scale of A (more efficient) to G (less efficient)	Classement selon son efficacité énergétique . . . sur une échelle allant de A (économe) à G (peu économe)	Classe di efficienza energetica . . . su una scala da A (bassi consumi) a G (alti consumi)	Energieefficiëntieklasse . . . op een schaal van A (efficiënt) tot G (inefficiënt)	Classe de eficiência energética . . . numa escala de A (mais eficiente) a G (menos eficiente)	Energiatohokkuusluokka asteikolla A:sta (vähän kuluttava) G:hen (paljon kuluttava)	Energi-effektivitetsklass på en skala från A (låg förbrukning) till G (hög förbrukning)
V	5	Consumo de energía anual kWh en modo refrigeración	Energiforbrug /år kWh ved køling	Jährlicher Energieverbrauch kWh im Kühlbetrieb	Ετήσια κατανάλωση ενέργειας kWh για λειτουργία ψύξης	Annual energy consumption kWh in cooling mode	Consommation annuelle d'énergie kWh en mode refroidissement	Consumo annuo di energia kWh in modalità raffreddamento	Jaarlijks energieverbruik KWh in koelstand	Consumo anual de energia kWh no modo de arrefecimento	Vuotuinen energiankulutus kWh jäähdytystoiminnolla	Årlig energiförbrukning i kyläge kWh

Aths. Merkið I. viðauki	Upplýsingablað og póströntun II. og III. viðauki	ES	DA	DE	EL	EN	FR	IT	NL	PT	FI	SV
V	5	El consumo efectivo dependerá del clima y del uso del aparato	Det faktiske energiforbrug vil bero på brugen af anlægget og vejrforhold	Der tatsächliche Energieverbrauch hängt von der Verwendung des Geräts sowie von den Klimabedingungen ab	Η πραγματική κατανάλωση εξαρτάται από τον τρόπο χρήσης της συσκευής και τις κλιματικές συνθήκες	Actual consumption will depend how the appliance is used and climate	La consommation réelle dépend de la manière dont l'appareil est utilisé et du climat	Il consumo effettivo dipende dal clima e dalle modalità d'uso dell'apparecchio	Feitelijk verbruik afhankelijk van de wijze van gebruik van het apparaat en het klimaat	O consumo real de energia dependerá das condições de utilização do aparelho e do clima	Todellinen kulutus riippuu laitteen käyttötavoista ja ilmastosta	Den faktiska förbrukningen beror på hur maskinen används och klimatet
VI	6	Potencia de refrigeración	Køleeffekt	Kühlleistung	Ισχύς ψύξης	Cooling output	Puissance frigorifique	Potenza refrigerante	Koelvermogen	Potência de arrefecimento	Jäähdytysteho	Kyleffekt
VII	7	Índice de eficiencia energética con carga completa	Energi-effektivitetskvotient ved fuld belastning	Energieeffizienzgröße bei Volllast	Βαθμός ενεργειακής απόδοσης υπό πλήρες φορτίο	Energy efficiency ratio (EER) at full load	Niveau de rendement énergétique à pleine charge	Indice di efficienza elettrica pieno regime	Energie-efficiëntieverhouding volle belasting	Índice de eficiência energética (EER) a plena carga	Energiatohok kuuskerroin täydellä kuormituksella	Energieeffektivitetskvot på högsta kyläge
VII	7	Cuanto mayor, mejor	Høj værdi betyder bedre effektivitet	Je höher, desto besser	Όσο υψηλότερο τόσο καλύτερο	The higher the better	Doit être le plus élevé possible	La più elevata possibile	Hoe hoger hoe beter	Deve ser o mais elevado possível	Mitä korkeampi, sen parempi	Ju högre desto bättre
VIII	8	Tipo	Type	Typ	Τύπος	Size	Type	Tipo	Type	Tipo	Tyyppi	Typ
VIII	8	Sólo refrigeración	Køling	Nur Kühlung	Μόνο ψύξη	Cooling only	Refroidissement seulement	Solo raffreddamento	Alleen koeling	Só arrefecimento	Pelkkä jäähdytys	Endast kylning
VIII	8	Refrigeración/ calefacción	Køling /opvarmning	Kühlfunktion/ Heizfunktion	Ψύξη/θέρμανση	Cooling /heating	Refroidissement /chauffage	Raffreddamento /riscaldamento	Koeling /verwarming	Arrefecimento /aquecimento	Jäähdytys /lämmitys	Kylning och uppvärmning
IX	9	Refrigerado por aire	Luftkølet	Luftkühlung	Αερόψυκτο	Air cooled	Refroidissement par air	Raffreddamento ad aria	Luchtgekoeld	Arrefecimento a ar	Ilmajäähdytteinen	Luftkyld
IX	9	Refrigerado por agua	Vandkølet	Wasserkühlung	Υδροψυκτο	Water cooled	Refroidissement par eau	Raffreddamento ad acqua	Watergekoeld	Arrefecimento água	Vesijäähdytteinen	Vattenkyld
X	10	Potencia térmica	Opvarmnings effekt	Heizleistung	Ισχύς θέρμανσης	Heat output	Puissance de chauffage	Potenza di riscaldamento	Verwarmingsvermogen	Potência calorífica	Lämmitysteho	Värmeeffekt

Aths. Merkið I. viðauki	Upplýsingablað og póströntun II. og III. viðauki	ES	DA	DE	EL	EN	FR	IT	NL	PT	FI	SV
XI	11	Clase de eficiencia energética en modo calefacción: A (más eficiente) G (menos eficiente)	Relativt energiforbrug til opvarmning: A (lavt forbrug) G (højt forbrug)	Energieeffizienzklasse der Heizfunktion: A (niedriger Verbrauch) G (hoher Verbrauch)	Ενεργειακή απόδοση της λειτουργίας θέρμανσης A: υψηλή G: χαμηλή	Heating performance: A (more efficient) G (less efficient)	Performance énergétique en mode de chauffage: A (économe) G (peu économe)	Efficienza energetica in modalità riscaldamento: A (bassi consumi) G (alti consumi)	Energie-efficiëntieklasse in de verwarmingsstand: A (efficiënt) G (inefficiënt)	Eficiência energética no modo de aquecimento: A (mais eficiente) G (menos eficiente)	Energiatohokkuusluokka asteikolla: A (vähän kuluttava) G (paljon kuluttava)	Energieeffektivitetsklass för uppvärmningsläget: A (låg förbrukning) G (hög förbrukning)
XII	12	Ruido [dB(A) re 1 pW]	Lydeffektivitet i dB(A) (Støj)	Geräusch (dB(A) re 1 pW)	Θόρυβος [dB(A) ανά 1 pW]	Noise (dB(A) re 1 pW)	Bruit [dB(A) re 1 pW]	Rumore [dB(A) re 1 pW]	Geluidsniveau dB(A) re 1 pW	Nível de ruído dB(A) re 1 pW	Ääni (dB(A) re 1 pW)	Buller dB(A)
⊗		Ficha de información detallada en los folletos del producto	Brochurerne om produkter indeholder yderligere oplysninger	Ein Datenblatt mit weiteren Geräteangaben ist in den Prospekten enthalten	Περισσότερες πληροφορίες στο ενημερωτικό φυλλάδιο	Further information is contained in product brochures	Une fiche d'information détaillée figure dans la brochure	Gli opuscoli illustrativi contengono una scheda particolareggiata	Een kaart met nadere gegevens is opgenomen in de brochures over het apparaat	Ficha pormenorizada no folheto do produto	Tuotesitteissä on lisätietoja	Produktbroschyrerna innehåller ytterligare information
⊗		Norma EN XYZ	Standard: EN XYZ	Norm EN XYZ	Πρότυπο EN XYZ	Norm EN XYZ	Norme EN XYZ	Norma EN XYZ	Norm XYZ	Norma EN XYZ	Standardi EN XYZ	Standard EN XYZ
⊗		Acondicionador de aire	Klimaanlæg	Raumklimagerät	Κλιματιστικό	Air-conditioner	Climatiseur	Condizionatore d'aria	Air-conditioner	Aparelho de ar condicionado	Ilmastointilaite	Luftkonditioneringsapparat
⊗		Directiva 2002/31/CE sobre etiquetado energético	Direktiv 2002/31/EF om energi-mærkning	Richtlinie Energie-etikettierung 2002/31/EG	Οδηγία 2002/31/EK για την επισήμανση της ενεργειακής απόδοσης	Energy label Directive 2002/31/EC	Directive relative à l'étiquetage énergétique 2002/31/CE	Direttiva 2002/31/CE Etichettatura energetica	Richtlijn 2002/31/EG (Energie-etikettering)	Directiva 2002/31/CE relativa à etiquetagem energética	Energiamerkinntädirektiivi 2002/31/EY	Direktiv 2002/31/EG om energi-mærkning
	11	Clase de eficiencia energética modo calefacción	Relativt energiforbrug til opvarmning	Energieeffizienzklasse der Heizfunktion	Τάξη ενεργειακής απόδοσης λειτουργίας θέρμανσης	Heating mode energy efficiency class	Classe d'efficacité énergétique en mode chauffage	Classe di efficienza energetica in modalità riscaldamento	Verwarmingsstand energie-efficiëntieklasse	Classe de eficiência energética no modo de aquecimento	Lämmitystoinnin energiatohokkuusluokka	Energieeffektivitetsklass för uppvärmningsläget